

Mál nr. 519/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. frítímaslysatryggingar M

Maður telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni vegna líkamsárásar þ. 9.9.2011.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ.22.11.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 6.12.2012.

Málsatvik.

M segist hafa orðið fyrir líkamstjóni þegar maður hafi ýtt tvisvar í sig þar sem hann var á vinnustað sínum og síðan ýtt í bakið á M og síðan ráðist á hann og slegið hann á vinstri öxlina og vinstra megin á háls. M krefst bóta vegna þessa og vísar til áverkavottorðs dags. 9.9.2011 og telur að áverkar þeir sem hann hafi orðið fyrir í líkamsárásinni séu bótaskyldir úr slysatryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að maður sá sem M nefnir að hafi ráðist á sig beri með þeim hætti um atvikið að M hafi hnippið í hann og þá hafi viðkomandi maður tekið í jakka M og síðan farið. Sérstaklega aðspurður neitar maðurinn því að hafa ráðist á M og neitar alfarið að hafa slegið M. V segir að ósannað sé að það hafi orðið slys í skilningi vátryggingarréttar sem sé bótaskyldt úr frítímaslysatryggingu M hjá V. Þá sé ósannað hvað raunverulega hafi gerst í umrætt sinn þar sem aðilum M og manninum sem M sakar um líkamsárás beri það mikið í milli.

Álit.

Að virtum gögnum málsins verður ekki séð að sönnun liggi fyrir um þau atvik sem M byggir kröfu sína á eða nokkur þau gögn liggi fyrir sem leiði til bótaskyldu úr frítímaslysatryggingu M hjá V vegna þess atviks sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 15.11.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.